

**Nd.**

## **588. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Sigurði Guðnasyni.

**1. Við 6. gr. Greinin orðist svo.:**

Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkis, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka þær jarðir eða hluta úr jörðum, sem ekki næst samkomulag um kaup á, eignarnámi til þessara nota.

**2. Við 28. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist svo:** Til bygginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu. Lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Þegar um kaup er að ræða, skal kaupandinn taka lán þetta að sér og skal við móttöku greiða lánið niður um minnst 25% af byggingarkostnaði. Sé um leigu að ræða, telst ábúandi eigandi þeirra bygginga og annarra framkvæmda, er hann sjálfur framkvæmir.